

Höfundur - Hrund Hlöðversdóttir

Ég fæddist á Akureyri fyrir réttum fimmtíu árum, ólst upp á brekkunni og bjó þar fram að tvítugu, fyrir utan tvö ár þegar ég bjó með fjölskyldu minni í Reykjavík. Ég gekk fyrst í Lundarskóla, þaðan lá leiðin í Gagnfræðaskóla Akureyrar og síðan í Menntaskólann á Akureyri. Ég útskrifaðist af náttúrufræði- og tónlistarbraut þar sem ég hafði frá barnsaldri lært á píanó og síðar stundað söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri.



Ég hef alla tíð haft mikla þörf fyrir að skapa. Sem barn sóttist ég eftir því að fönndra, hanna, teikna og búa eitthvað til. Ég var með ríkt ímyndunarafl, skrifaði sögur og ljóð og við vinirnir æfðum leikrit og sýndum fyrir vini og fjölskyldu. Ég var bókaormur sem barn og las allar barnabækur sem ég komst yfir.

Eftir stúdentsprófið flutti ég til Reykjavíkur og hóf nám í líffræði við Háskóla Íslands. Ég kláraði eina önn en fann mig ekki í náminu og tók mér pásu frá námi í eitt og hálf ár meðan ég hugsaði um hvað mig langaði að gera. Á þeim tíma var tvennt sem mig langaði til að safna mér fyrir, annars vegar saumavél og hins vegar píanó og gerði ég það í námspásunni. Einnig sótti ég námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur.

Haustið 1994 hóf ég nám við Kennaraháskóla Íslands með það í huga að sækja mér almenna menntun sem átti síðan að verða grunnur undir annað nám. Íslenska, kristinfræði og trúarbragðafræði voru mínar aðal valgreinar. Ég valdi tónmenntasvið sem auka valgrein því þá gat ég sótt áfram söng- og píanótíma. Þó að ég hafi í upphafi ekki stefnt að því að verða kennari var ekki aftur snúið eftir að ég fór á vettvang í æfingakennslu. Þar fann ég mig í lifandi og fjölbreyttu starfi. Í Kennaraháskólanum valdi ég að sitja tvo áfanga í ritlist hjá Þórði Helgasyni og þar æfðist ég í að skrifa ljóð og smásögur. Einnig sótti ég á þessum árum námskeið í skapandi skrifum hjá Þorvaldi Þorsteinssyni.

Eftir að ég útskrifaðist úr Kennaraháskólanum árið 1997 varð ég umsjónarkennari á yngsta stigi en eftir þrjú ár bauðst mér að taka við deildarstjórastöðu yngsta stigs. Mér fannst það spennandi og stökk á vagninn og rúmum tuttugu árum síðar hef ég verið skólastjórnandi. Fyrst var ég deildarstjóri í þremur grunnskólum í Reykjavík og Akureyri en síðan leikskólastjóri og loks skólastjóri í Eyjafjarðarsveit. Við fjölskyldan fluttum í

Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit vorið 2008. Börnin tvö gengu í Hrafnagilsskóla en þau hafa nú fullorðnast og sækja í dag nám í framhaldsskóla og háskóla.

Um aldamótin 2000 fékk ég beiðni, frá Biskupsstofu, um að útbúa kennsluefni tengdu aldarafmæli kristnitökunnar og þá var gefin út lítil bók, *Frá heiðni til kristni*. Í því hefti er að finna kennsluhugmyndir og fróðleik um kristnitöku Íslendinga. Í framhaldi af því skrifaði ég tvær kennslubækur sem voru gefnar út í samstarfi Biskupsstofu og Námsgagnastofnunar. Það eru bækurnar, *Merkir sögustaðir, Skálholt og Hólar*. Ég skrifaði síðan kennslubók í trúarbragðafræði, *Trúarbrögðin mín*, og síðan bók í lífsleikni og siðfræði fyrir yngstu börn grunnskólans, *Bókina um Tíslu*. Þær bækur gaf Námsgagnastofnun út árin 2008 og 2012.

Hugmyndin að bókunum ÓGN, ÓRÓA og ÓLGU, kviknaði haustið 2014. Þá gekk ég upp að Hraunsvatni í Öxnadal í fyrsta skipti. Við vatnið er heill ævintýraheimur og mikil náttúrufegurð þar sem Hraundranginn trónir yfir manni, tignarlegur og ægifagur. Ég var uppnúmin af þessum ævintýrastað. Á þessum tíma hafði ég verið að kynna mér þjóðsögur og lesið um álfa, huldufólk, skrímsli og aðrar kynjaskepnur.

Eftir ferðina að Hraunsvatni fékk ég þá hugmynd að skrifa ungmennabækur sem gerðust í þessu ævintýralega umhverfi. Mig langaði til að nýta þjóðsagnaarfinn, ævintýraheiminn sem hefur gengið mann fram af manni og tengja hann fólki í raunheiminum.

Bókin ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan, fjallar um Svandísi, fjórtán ára stelpu, sem flytur úr borginni norður í land og eignast þar vinina Brján og Sylvíu. Svandís flækist inn í baráttu góðs og ills, kynnist ástinni og þarf ásamt vinum sínum að glíma við ógurlegar kynjaskepnur.

Bókin, ÓRÓI, krunk hrafnanna sem kemur út haustið 2022. Hún er sjálfstætt framhald af ÓGN og fjallar um sömu sögupersónur. Skólanum er að ljúka hjá Svandísi og félögum hennar og framundan er sumarfrí en þá kemur Lára, vinkona Svandísar, í heimsókn. Þær eiga von á heimboði í álfheima á hátíð sem haldin er á sumarsólstöðum.

Svandís flækist inn í spennuþrunginn ævintýraheim álfa, skuggafólks, kynjaskepna og drauga.

Þriðja bókin, ÓLGA, er væntanleg haustið 2023. Þar munu sæskrímsli og marmennlar koma við sögu.

Ég hef fengið frábært fólk í lið með mér við útgáfu bókanna. Guðjón Ingi Eiríksson, útgefandi í bókaútgáfunni Hólum og hans fólk, gefur bækurnar út. Íris Auður Jónsdóttir,

listamaður, málaði myndirnar á bókakápu og hún og börnin hennar, Emil Logi Heimisson og Agnes Lóa Heimisdóttir teiknuðu myndirnar inn í bækurnar.